

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

293. fundur

Fimmtudaginn 25. október 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 15:00.

Mætt voru:

Björg Fenger, Hjálmar Sveinsson, Magnús Örn Guðmundsson, Helga Ingólfssdóttir, Karen Halldórsdóttir og Ásgeir Sveinsson.

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks.
2. Vagnakaup - tafabætur.
3. Keðjuábyrgð.
4. Persónuverndarmál.
5. Gjaldskrármál.
6. Innri endurskoðun.
7. Áhættustefna, skýrsla til stjórnar.

Tekið fyrir:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks.

Fjallað um stöðuna í akstursþjónustu fatlaðs fólks eftir að einn verktaki, Prime Tours, var tekinn til gjaldþrotaskipta. Inn á fundinn kom Guðmundur Siemsen, lögfræðingur Strætó og fór yfir hvaða möguleikar eru fyrir hendi m.t.t. rammisamnings sem í gildi er og þau lög og reglur sem gilda um innkaup opinberra aðila. Stjórn felur Guðmundi að hafa samband við innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar og fá frá þeim lögfræðilegt mat á stöðunni.

2. Vagnakaup – tafabætur.

Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að ganga til samninga við söluaðila um uppgjör tafabóta vegna örútboðs II og III í samræmi við útboðsskilmála og umræður á fundinum.

3. Keðjuábyrgð

Stjórn felur stjórnarformanni Strætó að setja saman í samráði við lögfræðinga félagsins tillögur að skilmálum um keðjuábyrgð og leggja fyrir stjórn.

4. Persónuverndarmál

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við gerð persónuverndarstefnu Strætó sem og verklags- og leiðbeiningarreglur sem verið er að vinna að.

5. Gjaldskrá

Framkvæmdastjóri fór yfir gjaldskrá og urðu umræður um hvort hægt væri að einfalda gjaldskrá Strætó. Áframhaldandi umræður verða á næstu fundum.

6. Innri endurskoðun

Sunna Jóhannsdóttir og Ólafur Kristinsson komu inn á fundinn og kynntu niðurstöðu endurskoðunarnefndar Strætó á erindi stjórnar Strætó er varðaði innri endurskoðun hjá félaginu. Stjórn Strætó hafði óskað eftir afstöðu nefndarinnar til þess að framlengja núverandi samningi við Deloitte um innri endurskoðun. Óskuðu fulltrúar endurskoðunarnefndarinnar einnig eftir að koma fljótlega aftur inn á fund stjórnar til að kynna störf nefndarinnar.

Niðurstaða stjórnar er að óska eftir við Deloitte að samningurinn verður framlengdur um eitt ár.

7. Áhættustefna, skýrsla til stjórnar.

Framkvæmdastjóri lagði fram skýrslu um áhættustefnu og þær mótvægisáðgerðir sem gripið hefur verið til.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 17:00

Fylgiskjöl:

Engin fylgiskjöl lögð fram.

Björg Fengler

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson